

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um fækkun refs og minks.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hvaða áætlanir eru uppi í ráðuneytinu um fækkun refs og minks í og við byggð á landinu?
2. Hvert er líffræðilegt mat á refa- og minkastofnum landsins?
3. Hver er kostnaður ríkisvaldsins af fækkun refs og minks og hvernig hafa framlög þróast frá árinu 2006?
4. Hver er áætlaður kostnaður sveitarfélaga af fækkun refs og minks og hvernig hefur kostnaður þeirra þróast frá 2006?
5. Kemur til greina að flytja málaflokkinn alveg yfir til sveitarfélaganna?
6. Kemur til greina að gera einstök sveitarfélög að tilraunasveitarfélögum í þessu efni?